

HEIMIR

Það er óhött að segja, að um flestar gamlar og viðteknar skoðanir, hvort heldur í stjórnálum, trúmálum eða einhverju öðru, viti almenningur mjög lítið. Flestir vita í raun og veru meira um hið nýja í hreyfingum og hugsunarhætti, sem er að myndast í mannlífinu kringum þá. Til þess að vita hvað einhver viðtekin skoðun er, er nauðsynlegt að þekkja hana frá byrjun; þekking á uppruna hennar er engu síður árfðandi, en þekking á núverandi ásigkomulagi. En all-oftast er fjöldi þeirra, sem þátt taka í almennum málum, mjög ófróðir um uppruna hinna séristöku skoðana. Til þekkingarinnar á uppruna þessa eða hins tilheyrir ekki að eins það, að geta rakið það eitthvað aftur í tímann, að einhverjum sögulegum upptökum, heldur einnig að vita hvers vegna það varð til. Setjum svo, að fyrir hundr-að áruni hafi einhver viss stjórnálaskoðun hafist hjá einhverri þjóð og rutt sér til rúms, þar til hún var alment viðtekin. Þó maður viti hvenær hún hófst, hverjir upphafsmenn hennar voru, hvernig hún útbreiðdist o. s. frv., þá er það ekki að þekkja hana til hlýtar. Hvað var ádur en hún kom til sögunnar? hvað orsakaði byrjun og útbreiðslu skoðunarinnar? hvernig voru kringumstæðurnar, sem hún myndaðist undir? Þetta eru spurningar, sem verður að svara til þess, að mögulegt sé að gera sér grein fyrir þýðingu skoðunarinnar um allan þann tíma, sem hún hefir varað.

Séu nú orsakir og byrjunar-skilyrði kunn, þá er um leið fengið eitt aðal-skilyrðið fyrir réttum skilningi á skoðuninni eins og hún er. Þá sést að hún hefir ekki risið af tilviljun, eða samkvæmt vilja einhverra vissra manna, heldur af nauðsyn, sem einhverjar breytingar í almennum hugsunarhætti þá sköpuðu. Með því nú að athuga, hvort samskonar nauðsyn sé enn þá til í hugsunarhætti manna yfirleitt, fæst réttur skilningur á skoðuninni og gildi hennar, ef það er nokkurt. Að slíta skoðunina út úr sínum eðlilegu samböndum í heildinni, sem hún tilheyrir, er að sýna hana í röngu ljósi. Þannig einangruð er hún í raun og veru óskiljanleg. Og þegar þess svo er krafist, að henni sé fylgt að eins vegna þess, að hún hafi varað um lengri tíma, án tillits